

Alþingi  
Erindi nr. **P** 137/115  
komudagur 8.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



### Umsögn

38 mál og 54 mál: Tillögur til þingsályktunar varðandi aðild að ESB.

Starfsgreinasambandi Íslands og „Matvælasviði“ Starfsgreinasambands Íslands hefur borist, að ósk utanríkisnefndar Alþingis um umsögn ofangreindar þingsályktunartillögur. Þar sem matvælasviðið heyrir undir sambandið sem slíkt er einungis um eina umsögn að ræða að hálfu þess.

Þing Starfsgreinasambands Íslands, sem er stefnumarkandi fyrir sambandið og síðast var haldið í október 2007 samþykkti sérstaka ályktun um Evrópumál, hjálögð. Þar segir: „Þing Starfsgreinasambands Íslands telur mikilvægt að kannað verði hvort aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru þjóni hagsmunum Íslands. Það þarf að skilgreina kostina og gallana og gefa fólki tækifæri til að átta sig á því hvað muni breytast við mögulega inngöngu. Það verður að vera verkefni ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi kjörtímabili.“

Frá því að þingið var haldið hefur farið fram viðtæk umræða á vettvangi sambandsins um aðild að ESB. Í þeirri umræðu hefur komið fram mikilvægi þess að aðildarviðræður einar muni leiða fram raunverulega kosti og galla beinnar aðildar. Starfsgreinasambandið telur þess vegna mikilvægt að umsóknarferill hefjist sem fyrst og að niðurstaða þeirra viðræðna verði borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reykjavík, 8. júní 2009.

Virðingarfyllst, f.h.  
Starfsgreinasamband Íslands

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri

**- Ályktun um ESB og evru -**

Þing Starfsgreinasambands Íslands telur mikilvægt að kannað verði hvort aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru þjóni hagsmunum Íslands. Það þarf að skilgreina kostina og gallana og gefa fólki tækifæri til að átta sig á því hvað muni breytast við mögulega inngöngu. Það verður að vera verkefni ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi kjörtímabili.

*Greinargerð*

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru er stærra mál en svo að það leysi skammtímaóróleika og ójafnvægi í efnahagslífinu. Ákvörðun um slíkt verður að ráðast af mati á því hvernig hagsmunum okkar er best borgið til lengri tíma.

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru hefði í för með sér margþættan ávinning en í því felst einnig óvissa. Meira er vitað um ávinninginn af ESB-aðild en um mögulegar neikvæðar afleiðingar hennar eins og þeim að tryggja sérhagsmuni Íslands og afleiðingum af óagaðri hagstjórn.

Ávinningurinn af ESB-aðild fælist m.a. í aðkomu að ákvarðanatöku um það laga og regluverk sem við höfum þegar skuldbundið okkur til að innleiða með EES samningnum, án þess að geta komið sjónarmiðum okkar að, svo fullnægjandi sé. Gildissvið ESS-samningsins vegna vinnumarkaðs- og félagsmála hefur verið takmarkað af íslenskum stjórnvöldum, svo sem um málefni fatlaðra, málefni minnihlutahópa, Lissabon-ferlið í starfsmenntamálum og samtenging efnahags-, félags- og atvinnumála. Aðild að ESB myndi jafnframt hafa í för með sér að Ísland yrði aðili að samstarfi um landbúnaðar- og byggðamál og verslun með landbúnaðarvörur yrði frjálst innan samstarfsins. Helstu hættur snúa að landbúnaðar- og fiskveiðistefnu sambandsins en ljóst er að Ísland þyrfti að tryggja sérhagsmuni sína í aðildarviðræðum ef að aðild á að geta orðið.

Ávinningurinn af upptöku evru væri ef vel tækist til, aukin efnahagslegur stöðugleiki, lægra vöruverð, lægri vextir og minni viðskiptakostnaður. Helstu hættur fælust í því að Ísland myndi með upptöku evru afsala sér sjálfstæðri stjórn peningamála. Við slíkar aðstæður gæti kreppa samhliða mistökum í hagstjórn leitt til mikils og þráláts atvinnuleysis og í uppsveiflu gæti þensla og verðbólga orðið enn meiri en ella.